

Ár 1980, mánudaginn 7. júlí, var í málinu nr. 20/1979 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi


Ú R S K U R Ð U R :

Málavextir eru þeir, að með bréfi til Yfirfasteignamatsnefndar, dags. 22. ágúst 1979, var leitað eftir úrskurði nefndarinnar um skyldu Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra, til að svara fasteignaskatti af svonefndu Sjálfsbjargarhúsi að Hátúni 12 í Reykjavík. Í bréfi þessu er tekið fram, að í húsinu sé rekið dvalarheimili fyrir mikið fatlað fólk, leigðar út íbúðir fyrir fatlaða, rekin æfingarstöð og önnur starfsemi fyrir fatlaða. Í framhaldi af bréfi þessu hefur verið aflað upplýsinga frá kæranda og Reykjavíkurborg verið gefinn kostur á að gera grein fyrir afstöðu sinni. Telja borgaryfirvöld, að umrædd fasteign sé ekki að öllu leyti undanþegin fasteignaskatti, eins og nánar kemur fram af framlögðum greinargerðum þeirra.


Samkvæmt 5. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga eru endurhæfingarstöðvar og öryrkjaheimili undanþegin fasteignaskatti í greinargerð fyrir frumvarpi til nefndra laga er tekið fram, að með öryrkjaheimilum sé átt við leiguíbúðabyggingar Öryrkjabandalags Íslands. Með hliðsjón af því verður að telja rétt að skýra umrætt ákvæði þannig, að það taki til leiguíbúða bandalagsins og einstakra félaga, sem aðild eiga að því. Hagnýting umræddrar fasteignar er einnig að öðru leyti í nánum tengslum við umönnun og endurhæfingu öryrkja. Er því rétt að telja hana í heild undanþegna fasteignaskatti samkvæmt 5. gr. laga nr. 8/1972.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð :

Ofangreind fasteign að Hátúni 12 í Reykjavík er í heild undanþegin fasteignaskatti.



Gaukur Jörundsson.



Guðmundur Magnússon



Pétur Stefánsson.